



Alþingi
Erindi nr. P 143/519
komudagur 4.12.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2013

1311107SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um lífeyrissjóði - 177. mál 143. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. nóvember sl., þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá sambandinu.

Frumvarpið varðar þrjá þætti í starfsemi lífeyrissjóða:

Í fyrsta lagi er lagt til að tryggð sé skýr lagastoð fyrir lífeyrissjóði að binda greiðslu örorkulífeyris því skilyrði að sjóðfélagi stundi endurhæfingu.

Sambandið hefur tekið þátt í umræðu um leiðir til þess að hvetja þá sem sækja um framfærslustuðning frá opinberum aðilum vegna tímabundinna áfalla til þess að nýta og bæta vinnufærni sína og starfsgetu. Umræðan snýr m.a. að vinnufærum umsækjendum um fjárhagsaðstoð sem sveitarfélögin telja eðlilegt að séu virkir í atvinnuleit eða vinnumarkaðsúræðum á meðan þeir njóta aðstoðar. Hafa sveitarfélögin farið þess á leit, með svipuðum hætti og lífeyrissjóðirnir nú, að skotið verði skýrri lagastoð undir heimildir þeirra til þess að beita slíkum skilyrðingum.

Tillaga í 1. gr. frv. styðst við hliðstæð sjónarmið og er sambandið eindregið fylgjandi því að hún hljóti afgreiðslu.

Í öðru lagi er ákvæði sem einkum er ætlað að liðka fyrir heimildum launagreiðenda til þess að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar.

Tillagan snertir sérstaklega hagsmuni sveitarfélaga sem launagreiðenda og lífeyrissjóði sem starfandi hafa verið með bakabyrgð sveitarfélaga. Sambandið styður tillöguna.

Í þriðja lagi er lagt til að heimild lífeyrissjóða til þess að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum verði framlengd um eitt ár, til ársloka 2014.

Tillagan er rökstudd með því að beðið sé niðurstöðu í vinnu sem lýtur að framtíðarfyrirkomulagi fjárfestingaheimilda lífeyrissjóða. Í ljósi þess að samlagshlutafélög munu hafa reynst vel sem farvegur fyrir fjárfestingar lífeyrissjóða er einboðið að framlengja fyrirkomulagið eins og lagt er upp með.

Sambandið styður því að frumvarpið nái fram að ganga óbreytt.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs